

Umhverfisvitund Íslendinga

Þorvarður Árnason*

ÁGRIP

Viðhorf Vesturlandabúa til náttúru- og umhverfisverndar hafa tekið verulegum breytingum á síðustu 30-40 árum. Erlendis fengu félagsvísindamenn snemma áhuga á þessum umskiptum og hafa síðan fylgst náið með þróun mála, m.a. með viðhorfskönnunum. Á Íslandi hafa þessi mál hinsvegar fremur lítið verið skoðuð, þótt flest bendi til þess að hin félagslega hlið umhverfismálanna sé ekki síður athyglisvert rannsóknarefni hér en í öðrum löndum. Í greininni er fjallað um niðurstöður empírískrar rannsóknar á umhverfisvitund Íslendinga sem höfundur og samstarfsfólk hans gerðu á vormánuðum 2003. Með spurningakönnun var leitast við að taka á ítarlegan, heildstæðan hátt á viðhorfum, þekkingu og atferli sem varðar umhverfis- og náttúruverndarmál. Meðal helstu niðurstaðna má nefna að Íslendingar virðast hafa ágæta þekkingu á stærstu hnattrænu umhverfismálum samtímans, hafa almennt tileinkað sér vistvænt atferli á vissum sviðum, eru talsvert virkir á stjórnmalasviðinu og bera í flestum tilfellum fremur jákvæð viðhorf í garð umhverfisverndar. Á hinn bóginn er þekkingu landsmanna á sjálfbærri þróun töluvert ábótavant og sumar niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að umhverfishygd þeirra hafi – þrátt fyrir óvenju mikla samfélagslega umræðu um umhverfismálin – minnkað nokkuð á allra síðustu árum.

Lykilord: Umhverfisvitund, umhverfishygd, umhverfisþekking, vistvænt atferli, sjálfbær þróun.

ABSTRACT *Environmental consciousness in Iceland*

Environmental attitudes have changed dramatically in Western societies over the course of the last three to four decades. These changes soon captured the interest of social scientists who have followed these developments closely ever since, e.g. through surveys and opinion polls. In Iceland, however, these issues have not received a great deal of academic interest, even though the social side of environmental issues is a research topic of, arguably, no less interest in Iceland than in other Western countries. This article presents the main results of an empirical survey concerning the environmental consciousness of Icelanders, carried out by the author and his colleagues during spring/early summer 2003. The survey was intended to tackle this subject in a thorough and holistic manner, probing environmental knowledge and behaviour, as well as attitudes. Among the main results are the following: the environmental knowledge of Icelanders is quite good regarding global environmental problems; environmentally responsible behaviour is quite common in certain areas; respondents are fairly active politically with regard to environmental issues and, in most cases, have rather positive attitudes toward environmental protection. On the other hand, knowledge of sustainable development is not satisfactory and some of the survey results indicate a decrease in environmental concern among Icelanders over the past few years, despite an unusually vigorous debate about environmental issues in the same period.

Keywords: Environmental consciousness, environmental concern, environmental knowledge, environmentally responsible behaviour, sustainable development.

UMHVERFI OG SAMFÉLAG

„Umhverfisvandamál eru vandamál manna“ segir í inngangi að nýlegu greinasafni um umhverfisfélagsfræði – umhverfismál stafa af umsvifum manna, hafa áhrif á menn og lausn þeirra er undir mönnum komin (Dunlap o.fl. 2002). Tengsl náttúru og manna eru gagnvirk:

Mannleg hugsun, menning og samfélag stýra því hvaða augum umhverfisvandamálin eru litið, t.a.m. hversu alvarleg þau eru talin, hvaða kröfur fólk gerir um úrbætur, hvar það setur mörkin gagnvart nýtingu náttúrunnar eða hversu viljugt það er sjálft til þess að taka upp breytta (og bætt) siði í þágu umhverfis-

* Siðfræðistofnun Háskóla Íslands, Nýja Garði, 101 Reykjavík. thorri@akademia.is

og náttúruverndar. Til að skilja þessi tengsl þarf bæði að afla þekkingar á hinum náttúrlegu orsökum vandans og á þeirri „spegilmynd“ hans sem snýr að samfélaginu, ekki síst þeim þáttum í gildismati, viðhorfum eða atferli almennings sem taldir eru eiga hlut í tilurð vandans. Hin félagslega hlið umhverfismálanna er því að sama skapi afar brýnt – en jafnframt mjög forvitnilegt – rannsóknarefni eins og t.d. má sjá af þeim mikla fjölda erlendra rannsókna sem gerðar hafa verið á s.l. þremur til fjórum áratugum (Connelly og Smith 1999; Zelezny og Schultz 2000; Dunlap 2002a).

Hversu mikið veit almenningur um helstu umhverfisvandamál sem við er að etja? Hversu „vistvænt“ er daglegt atferli hans – hvað gerir hann t.d. til að draga úr auðlindasóun og sörpmyndun? Að hvers konar umhverfismálum snýr áhugi hans – hvað finnst hinum almenna borgara mikilvægt í þeim efnum og hvað ekki? Og hvaða „fórnir“ (ef einhverjar) er hann reiðubúinn að færa í þágu umhverfis- og náttúruverndar? Ofangreindar spurningar benda á nokkur rannsóknarefni sem hafa bæði hagnýta og fræðilega þýðingu – atriði sem t.a.m. stjórnvöldum er mikilvægt að fá vitneskju um til þess að geta mótað farsæla og árangursríka umhverfisverndarstefnu.¹ Út frá fræðilegu sjónarmiði væri ekki síður áhugavert að fá svör við spurningum á borð við: Hefur umhverfivitund Íslendinga einhverja sérstöðu? Er hægt að merkja breytingu á henni frá einum tíma til annars? Eru einhverjir tilteknir hópar í samfélaginu hlyntari umhverfisvernd en aðrir? Leiðir meiri þekking um umhverfismál til jákvæðari viðhorfa í garð umhverfis-

verndar og/eða vistvænna atferlis? Og kannski síðast en ekki síst: Hvernig skilur almenningur hugtakið „sjálfbær þróun“ – hversu djúpur er sá skilningur, hvaða málefni tengir hann við þetta hugtak og hver þeirra telur hann mikilvægust?

Hér á eftir verður fjallað um niðurstöður nýlegrar viðhorfskönnunar um umhverfivitund Íslendinga sem höfundur þessarar greinar og samstarfsfólk hans gerðu í þeim tilgangi að leita svara við spurningum eins og þeim sem taldar voru upp hér að ofan.² Einnig verður greint, eftir því sem við á, frá niðurstöðum eldri rannsóknar sem gerð var árið 1997 og náði einnig til Svíþjóðar og Danmerkur. Þar sem þetta rannsóknarsvið er að stofni til nýtt hérlendis þykir höfundu jafnframt nauðsynlegt að gera í upphafi nokkra grein fyrir tilurð þess og einkennum og einnig að skilgreina helstu hugtök sem notuð verða. Enn fremur verður fjallað stuttlega um aðrar íslenskar rannsóknir sem gerðar hafa verið á þessu viðfangsefni og/eða geta varpað frekari ljósi á það.

Elstu reglulegu skoðanakannanir í Bandaríkjunum sem taka á viðhorfum til umhverfismála ná aftur til ársins 1965. Gögn slíkra spurningavagna sýna að *umhverfishyggð* bandaríks almennings (sjá skilgreiningu hér að aftan) jókst mjög hratt á síðustu árum sjöunda áratugarins þannig að frá og með 1970 var meirihluti hans farinn að samsinna jákvæðum viðhorfum í garð umhverfisverndar (Dunlap 1992). Sá meirihluti hefur haldist síðan, þrátt fyrir nokkrar sveiflur (Dunlap 2002b). Svipað mynstur má sjá í velflestum aðildarríkjum Evrópusambandsins en reglulegar rannsóknir á

¹ Í nýlegri úttekt OECD (2001) á stöðu og þróun í íslenskum umhverfismálum er t.a.m. mælt með því við íslensk stjórnvöld að „framkvæmdar verði reglubundnar kannanir á **vitund almennings um umhverfismál** og unnið verði að sátt um stefnumál í umhverfismálum og framkvæmd þeirra“ (ofangreind tilvitnun er sótt í íslenska þýðingu á niðurstöðukafla OECD-skýrslunnar sem vistuð er á heimasíðu umhverfisráðuneytisins. Leturbreytingin er upphafleg).

² Rannsóknirnar sem hér um ræðir voru að mestu unnar í tengslum við verkefnið „Forsendur sjálfbærrar þróunar í íslensku samfélagi“. Verkefnistjóri þess er Róbert H. Haraldsson.

umhverfishygd hófust í þeim löndum árið 1973, með hinum svokallaða *Eurobarometer*-könnunum (Dalton 1994; Hofrichter og Reif 1990; Rootes 1997). Innan háskóla-samfélagsins áttuðu menn sig einnig fljótt á því að hér væri nýtt og áhugavert rann-sóknarefni á ferðinni og voru elstu fræðilegu viðhorfskannanir um umhverfismál í Bandaríkjunum gerðar þegar um og upp úr 1970. Nú, um það bil þrjátíu árum síðar, er áætlað að vel yfir 1.000 empírískar rannsóknir á umhverfisvitund hafi verið framkvæmdar víðsvegar um heim (Dunlap og Jones 2003).

Fjölmargar og ólíkar fræðilegar tilgátur hafa verið settar fram um eðli umhverfisvitundar, tilurð hennar, einkenni og þróun. Sumir fræðimenn líta svo á að vaxandi áhugi á umhverfisvernd sé fyrst og fremst til marks um upphaf nýrrar pólitískrar hugmyndafræði – *umhverfis-verndarhyggju* – sem með tíð og tíma gæti keppt við eldri (og ríkjandi) stjórn mála-stefnur um hylli kjósenda og jafnvel náð pólitískum undirtökum í þjóðfélaginu. Aðrir tala fremur um samfélagslega hræringu – *umhverfisverndarbreyfingu* – sem þrífst best í grasrótinni og byggir frekar á virkum umhverfissamtökum en hefðbundnum stjórn mála flokkum. Að mati sumra fræðimanna gætu slík samtök jafnvel þegar fram í sækir komið í stað stjórn mála flokka sem séu að verða úrelt fyrirbæri. Enn aðrir horfa á *umhverfisverndarsinna* sem einstaklinga og sjá þar upp til hópa fólks sem virðist hafa tileinkað sér nýtt, síðefnishyggjulegt gildismat (e. postmaterialist values) sem hefur verið að breiðast út um hin ríku vestrænu iðnaðarsamfélög allt frá lokum síðari heimsstyrjaldar, að menn telja. Hvorki ný hugmyndafræði né öflug samtök eða hreyfing er meginmálið hér, heldur víðtækar

samfélagslegar breytingar og/eða ný, útbreidd lífsskoðun meðal einstaklinga sem síðan getur fundið sér samfélagslegan farveg á ýmsa vegu.³ Loks eru þeir einnig til sem hafna öllum heildarskýringum á þessu fyrirbæri – öllum tilraunum til að leiða fram stórasannleik um málið. Samkvæmt þessari síðasttöldu hugsun er engin „stefna“, „bylgja“ eða „vakning“ hér á ferðinni – heldur aðeins meira eða minna sundurlaus fylking einstaklinga og/eða samfélagshópa sem hver um sig hefur aðeins áhuga á einu eða örfáum málum – og eiga þannig lítið sem ekkert sameiginlegt. Ofangreind upptalning – sem þó er engan veginn tæmandi – gefur vonandi einhverja hugmynd um þá afar lífligu umræðu um umhverfismálin sem átt hefur sér stað innan hug- og félagsvísinda á allra síðustu árum (sjá nánar t.d. Connelly og Smith 1999; Dalton 1994; Freedon 1996; Inglehart 1995; Mertig og Dunlap 2001).

HUGTÖK OG AÐFERÐAFRÆÐI

Umhverfisvitund er hér notað sem heildarheiti yfir (lífs)gildi, þekkingu, viðhorf og atferli sem varða umhverfismál, í tilteknu samfélagi. Umhverfisvitund er hægt að rannsaka hvort heldur með megindlegum eða eigindlegum aðferðum og alla fjóra grunnþætti hennar er hægt að mæla (eða á annan hátt meta), einn eða fleiri í einu. Umhverfisvitund í ofangreindum skilningi á sér ekki alveg beina samsvörun í erlendu (les: engilsaxnesku) hugtaki en svipaða hugsun má sjá í notkun orðasambanda á borð við *environmental consciousness*, *environmental awareness*, *environmental paradigm* eða *ecological worldview*.⁴

Umhverfisverndarhyggja (e. environmentalism) er hér notað sem heildarheiti yfir hverja þá hugmyndafræði eða stefnu sem hefur

³ Rétt er að benda á að þrjár fyrstu skýringarnar útiloka ekki endilega hverja aðra.

⁴ Hugtakið „umhverfisvitund“ er fremur nýlegt í íslensku máli en þótt ýmsir hafi notað það á undan mér hefur enginn (að mér vitandi) áður skilgreint formlega hvaða merkingu orðið hefur.

umhverfis- og/eða náttúruvernd að meginmarkmiði. Skýrustu dæmin um umhverfisverndarhyggju má líklega finna hjá *grænum stjórnmálaflokkum* (e. green political parties), annars vegar, og *umhverfisverndarsamtökum* (e. environmental non-governmental organisations, ENGOs), hins vegar.

Umhverfisverndarsinni (e. environmentalist) telst hver sá einstaklingur vera sem aðhyllist umhverfisverndarhyggju af einhverjum toga og/eða er almennt hlynntur aðgerðum sem miða að verndun umhverfis og náttúru. Fólk getur þó verið hliðhlott umhverfisvernd af mörgum, ólíkum ástæðum og því er einkar varasamt að setja alla umhverfisverndarsinna undir einn hatt (sjá t.d. Þorvarður Árnason 2002).

Umhverfisþyggð (e. environmental concern) er hér notað sem félagsfræðilegt hugtak sem vísar til þess almenna stuðnings sem umhverfisvernd nýtur í tilteknu samfélagi á tilteknum tíma. Hugtakið sprettur að mestu upp úr hinni meginlegu rannsóknarhefð innan félagsvísindanna. Umhverfisþyggð er alla jafnan könnuð með mælitækjum (einkum viðhorfs- og/eða atferlisspurningum) sem ætlað er að sýna á tölulegan eða magnbundinn hátt þann stuðning sem umhverfisvernd nýtur í viðkomandi þýði.⁵

Í nýlegri yfirlitgrein skilgreina Dunlap og Jones (2002, 485) umhverfisþyggð á eftirfarandi hátt:

umhverfisþyggð vísar til þess í hvaða mæli fólk er sér meðvitað um vandamál sem varða umhverfið og styður aðgerðir til að leysa þau og/eða sýnir fram á vilja sinn til að leggja sjálft eitthvað af mörkum þeim til lausnar.⁶

Mælikvarðar á umhverfisþyggð geta verið afar breytilegir frá einni könnun til annarrar, eins og t.d. má glögglega sjá af ólíku orðalagi spurninga í fyrri könnunum um umhverfismál sem hérlendis hafa verið gerðar. Stundum er lögð áhersla á spurningar sem eiga að meta *áhyggjur* fólks af umhverfisvandamálum (Norræna félagið 1990), stundum spurningar sem reyna að meta *ábuga* fólks á umhverfismálum (Landsvirkjun 2001; Landvernd 2003), eða þá spurningar sem meta *mikilvagi* umhverfismála í hugum fólks, ýmist sérstaklega (Reykjavíkurborg 1999) eða í samanburði við önnur málefni (Umhverfissráðuneytið 1993). Loks má nefna spurningar sem meta „fórnarlund“ svarenda, t.d. með því að kanna vilja þeirra til að greiða hærri skatta eða leggja eitthvað af eigið fé af mörkum í þágu umhverfisverndar (Friðrik H. Jónsson og Stefán Ólafsson 1991). Allar ofangreindar spurningar snúa að viðhorfum, eins og (lang)algengast er með mælikvarða á umhverfisþyggð, en slíkir mælikvarðar geta þó allt eins tekið til atferlis, lífsskoðana eða jafnvel þekkingar.

Þrátt fyrir ofangreindan breytileika í mælitækjum er tilgangurinn með fyrirlögn þeirra yfirleitt sá sami: Að veita upplýsingar um útbreiðslu „jákvæðra“ (e. pro-environmental) og/eða „neikvæðra“ (e. anti-environmental) viðhorfa, lífsgilda eða atferlisþátta sem varða umhverfisvernd í tilteknu samfélagi. Þannig er algengast að mælingar á umhverfisþyggð gegni hlutverki „hitamælis“ eða „loftvogar“ sem fyrst og fremst sýnir hversu mikils (eða lítils) stuðnings umhverfisvernd nýtur í

⁵ Orðið *concern* í ensku getur merkt bæði „áhyggjur“ og „umhyggja“, einnig „áhugi“. Hugtakið *environmental concern* inniber allar þessar merkingarmyndir í einu: Fólk ber umhyggju fyrir (eða hefur áhuga á) því sem það hefur áhyggjur af – þ.e. (slæmu) ástandi og (enn verri) horfum í umhverfismálum.

⁶ Á ensku hljóðar þessi skilgreining þannig: „[...] environmental concern refers to the degree to which people are aware of problems regarding the environment and support efforts to solve them and/or indicate a willingness to contribute personally to their solution“.

samfélaginu á þeim tíma sem mælingin er gerð. Slíkar mælingar eru einnig oft notaðar til að athuga hvaða undirhópar samfélagsins eru áhugasamastir/-minnstir um umhverfisvernd og (ef mælingar eru endurteknar) hvort einhverjar breytingar verði á stuðningi við umhverfisvernd innan samfélagsins eða hópa þess frá einum tíma til annars.

STAÐAN Á ÍSLANDI

Hvernig horfa þessi mál nú við á Íslandi? Vart er hægt að segja að umhverfisfélagsfræði eða -sálarfræði hafi enn skotið rótum í íslensku fræðasamfélagi. Þekkingin um hina félagslegu hlið umhverfismálanna sem hér hefur safnast er því að sama skapi mun minni en í nágrannalöndum okkar. Samt sem áður virðist blasa við að umhverfisverndarhreyfingin á Íslandi hefur ekki orðið jafn þróttmikil og í öðrum sambærilegum löndum. Það er fyrst nú, á síðustu 4-5 árum, sem vísbendingar hafa komið fram um að umhverfisvernd sé – eða gæti verið – farin að njóta fjölda-stuðnings á Íslandi. Það atvik sem er mest eftirtektarvert í því sambandi eru viðtökurnar sem undirskriftasöfnun Umhverfisivina fékk meðal landsmanna en fleiri en 45.000 Íslendingar skráðu sig á lista þeirra til stuðnings kröfunni um að fram færi lögformlegt mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar.⁷ Svo víðtækan stuðning höfðu baráttumál íslenskra umhverfis- og náttúruverndarsinna aldrei áður hlotið og því eðlilegt að velta því fyrir sér hvort þarna hafi hugsanlega orðið einhver vatnaskil í íslenskum umhverfismálum?

Erfitt er þó að átta sig á þessum hræringum, sem og á þróun umhverfisvitundar hérlandis, vegna áður nefnds skorts á

gögnum. Nokkuð hefur að vísu verið um það í gegnum tíðina að stjórnvöld, félagasamtök eða hagsmunaaðilar hafi keypt einstakar spurningar sem lúta að umhverfismálum í spurningavagna en slíkar spurningar hafa þá í langflestum tilfellum snúið að einhverju afmörkuðu málefni eða málaflokki, svo sem stuðningi (eða andstöðu) við hvalveiðar, Kárahnjúkavirkjun eða rjúpnaveiðibann. Það liggur í hlutarins eðli að lítið er hægt að byggja á eða alhæfa út frá svörum við „dægurmálum“ sem þessum, þótt niðurstöðurnar geti út af fyrir sig verið áhugaverðar, ekki síst ef sama spurning hefur ítrekað verið lögð fyrir og getur þannig gefið vísbendingu um hugsanlega breytingu á tilteknum þætti í umhverfisvitund þjóðarinnar yfir tíma.⁸

Helstu undantekningar frá ofangreindu eru kannanir Norræna félagsins árið 1990, Umhverfisráðuneytisins 2002 og Landverndar 2003, þar sem spurningavagnar voru notaðir til að leggja fyrir spurningar sem lúta að almennri umhverfisvitund, fremur en einstökum (deilu)málum. Auk þessa hafa fjórar sjálfstæðar – og jafnframt talsvert ítarlegri – kannanir sem varða umhverfismál verið gerðar á Íslandi, þ.e. könnun Umhverfisráðuneytisins árið 1993, könnun Siðfræðistofnunar 1997 (Ahlqvist 1997), könnun Reykjavíkurborgar 1999 og könnun Landsvirkjunar 2001. Loks ber að geta hinnar fjölpjódlegu Lífsgildakönnunar (European Values Study) sem hér hefur þrívægis verið framkvæmd á vegum Félagsvísindastofnunar, þ.e. árin 1984, 1990 og 1999 (Friðrik H. Jónsson og Stefán Ólafsson 1991; Halman 2001). Í síðari lotunum tveimur voru lagðar fyrir ýmsar spurningar sem snúa að umhverfismálum

⁷ Undirskriftasöfnunin stóð yfir í nokkra mánuði síðla árs 1999 og fram í ársbyrjun 2000. Samtals skráðu 45.386 manns sig á lista, flestir í nóvember 1999. Undirskriftirnar voru síðan afhentar stjórnvöldum um miðjan febrúar árið 2000 (*Morgunblaðið*, 15. febrúar 2000).

⁸ Sjá t.d. frétt frá því í september 2000 á vefsíðu Gallup á Íslandi þar sem fram koma upplýsingar um kannanir fyrirtækisins á viðhorfum Íslendinga til hvalveiða nokkur ár aftur í tímann.

og eru niðurstöður þeirra kannana einkar athyglisverðar, ekki síst þar sem Lífsgildakönnunin býður upp á víðtækan samanburð á milli Íslands og annarra landa.

Niðurstöður þeirra almennu skoðana-kannanna sem að ofan var getið eru allar á einn veg: *Meirihluti – og þá oftast mikill meirihluti – svarenda þeirra er fylgjandi umhverfisvernd*. Mælikvarðar á umhverfishygd hafa þó verið það breytilegar frá einni íslenskri könnun til annarrar, eins og áður var nefnt, að niðurstöður þeirra flestra leyfa tæplega nokkurn innbyrðis samanburð. Þess vegna er m.a. erfitt að fullyrða um hugsanlegar breytingar á umhverfishygd Íslendinga yfir tíma á grundvelli þeirra gagna sem þó eru fyrir hendi. Einu undantekningarnar frá þessu eru Lífsgildakönnunirnar 1990 og 1999 sem gefa ákveðnar vísbendingar um þróun mála á tíunda áratugnum og kannanir Siðfræðistofnunar 1997 og 2003 sem rætt verður um hér á eftir. Á heildina litið ætti þó að vera óhætt að túlka niðurstöður áður nefndra kannana á þann veg að íslenskur almenningur hafi ótvírætt verið hliðhollur umhverfisvernd allan síðasta áratug tuttugustu aldar. Sterk neikvæð viðhorf til umhverfisverndar koma a.m.k. hvergi fram í þessum könnunum og yfirleitt er mikill meirihluti (þ.e. á bilinu 70–80%) fylgjandi þeim viðhorfum sem jákvæð gætu talist.

Það var því með þó nokkurri eftirvæntingu sem höfundur þessarar greinar réðst ásamt samstarfsmönnum sínum í gerð nýrrar viðhorfskönnunar á vormánuðum 2003.⁹ Síðustu misseri þar á undan höfðu einkennst af afar mikilli umræðu um umhverfismál – trúlega þeirri mestu sem átt hefur sér stað í íslensku samfélagi til þessa – og því lék okkur m.a. forvitni á að vita hvort og þá hvaða breytingar á umhverfis-

vitund Íslendinga mætti merkja frá fyrri rannsókn okkar árið 1997. Yfirskrift nýju rannsóknarinnar var „Könnun á afstöðu Íslendinga til umhverfis- og þróunarmála“ og var hún póstlistakönnun sem gerð var á tímabilinu mars til maí 2003. Stærð úrtaks var 1500 manns á aldrinum 18–75 ára, valið af handahófi úr þjóðskrá. Alls komu 588 útfylltir spurningalistar til baka og var hrein svörun 40,3% (40 þátttakendur reyndust annaðhvort látnir, veikir eða búsettir erlendis og minnkar því upphaflega úrtaksstærðin sem því nemur). Spurningalistarnir voru ómerktir og því ekki hægt að tengja þá einstökum svarendum. Tvívegis var hringt í þátttakendur til að minna á könnunina.

Nýja könnunin var töluvert ítarlegri en sú sem gerð var árið 1997 og gaf okkur m.a. færi á að leggja fram spurningar um þekkingu og atferli en þeir þættir voru ekki skoðaðir í eldri rannsókninni. Þá lögðum við fyrir spurningar um ýmis önnur málefni sem talin eru tengjast umhverfismálunum, einkum viðhorf til þróunarmála, hugmyndir um þjóðerni og viðhorf varðandi stöðu og þróun lýðræðis á Íslandi. Hér á eftir verður gerð grein fyrir nokkrum helstu niðurstöðum sem könnunin leiddi í ljós.

NIÐURSTÖÐUR VIÐHORFSKÖNNUNARINNAR

Hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar hefur verið grunnur íslenskrar umhverfisverndar-stefnu í meira en áratug. Almennangi er ætlað mjög stórt hlutverk í umhverfismálum samkvæmt þessari hugmyndafræði og því lék okkur hugur á að vita hversu vel hann þekkti til hennar. Þekkir fólk helstu grunnreglur sjálfbærrar þróunar og þætti? Veit það hver helstu stefnumál hennar eru? Hefur það skilning á þeim? Er það sammála þeim? Í könnuninni spurðum við fólk fyrst

⁹ Könnunin var samstarfsverkefni Siðfræðistofnunar, Staðardagsskrár 21 hjá Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkurborgar og Félagsvísindastofnunar H.Í. sem jafnframt sá um framkvæmd hennar. Spurningalistann má skoða á heimasíðu Siðfræðistofnunar.

einfaldlega hvort það hefði heyrt um sjálfbæra þróun (tafla 1).

Í ljós kom að rétt ríflega þrjú fjórðu hlutar svarenda sögðust hafa heyrt um sjálfbæra þróun og af þeim sagðist síðan um helmingur hafa skýra hugmynd um það sem í sjálfbærri þróun fælist. Þetta þýðir m.ö.o. að aðeins tæplega 40% svarenda hafa, að eigin sögn, góðan skilning á sjálfbærri þróun en 60% þeirra hafa annaðhvort ekki góðan skilning á, eða hafa alls ekki heyrt um, þetta fyrirbæri.

Í könnuninni voru einnig lagðar fram spurningar til að meta þekkingu svarenda á ýmsum meginviðmiðum sjálfbærrar þróunar, þ.e. ýmsum reglum sem þessi hugmyndafræði kveður á um eða öðrum mikilvægum þáttum sem eru svo að segja samofnir henni. Niðurstöðurnar eru sýndar í töflu 2.

Eins og sjá má er þekking á meginviðmiðunum sjálfbærrar þróunar ekki mikil nema varðandi *mat á umhverfisábrifum* sem næstum allir svarendur segjast hafa heyrt um. Á hinn bóginn þekkja aðeins 15–25%

svarenda hin viðmiðin þrjú sem spurt var um, þ.e. *Staðardagskrá 21, varúðarregluna og mengunarbótarregluna*.

Þeir þátttakendur sem sögðust hafa heyrt um sjálfbæra þróun (sbr. töflu 1) voru í framhaldinu beðnir að tilgreina hvaða heimsmál þeim þattu skipta mestu máli fyrir sjálfbæra þróun. Sjö svarmöguleikar voru taldir upp og voru þeir valdir af rannsakendum með hliðsjón af þeim málefnum sem fræðimenn telja mikilvægust fyrir sjálfbæra þróun og/eða hafa verið mest áberandi í opinberri umræðu vegna hennar. Þótt allir þeir valkostir sem lagðir voru fram skipti máli fyrir sjálfbæra þróun var fyrirfram alls ekki ljóst hvernig *almenningsur* myndi meta þá, t.d. hvort hann tengdi þessi málefni yfirleitt við sjálfbæra þróun eða hvernig þeim yrði raðað innbyrðis með tilliti til mikilvægis. Niðurstöðurnar eru sýndar í töflu 3.

Í töflunni eru sýndar niðurstöður fyrir hverja einkunn sem gefin var (1.–3. dálkur), auk þess sem reiknuð hafa verið heildarstig (4. dálkur) fyrir hvert málefni svo hægt sé

Tafla 1 Þekking og skilningur á sjálfbærri þróun (spurningar 8a og 8b)

Orðalag spurningar	JÁ		NEI		Alls svör	Ógild svör
	%	n	%	n		
<i>Hefur þú heyrt um sjálfbæra þróun?</i>	75,6	431	24,4	139	570	18
<i>Ef þú hefur heyrt um sjálfbæra þróun, telur þú þig hafa skýra hugmynd um það sem í sjálfbærri þróun felst?</i>	52,2	215	47,8	197	412	19

Tafla 2 Þekking á meginviðmiðum sjálfbærrar þróunar (spurningar 4, 13a, 5 og 6)

Orðalag spurningar	JÁ		NEI		Alls svör	Ógild svör
	%	n	%	n		
<i>Hefur þú heyrt um mat á umhverfisábrifum?</i>	94,7	550	5,3	31	581	7
<i>Veist þú hvað Staðardagskrá 21 er?</i>	25,1	143	74,9	427	570	18
<i>Hefur þú heyrt um varúðarregluna?</i>	18,5	107	81,5	471	578	10
<i>Hefur þú heyrt um mengunarbótarregluna?</i>	14,5	83	85,5	490	573	15

Tafla 3 Mikilvægi heimsmála fyrir sjálfbæra þróun (spurning 9).

Orðalag spurningar: *Hvada þrjú eftirtalinna atriða skipta, að þínu mati, mestu máli fyrir sjálfbæra þróun þegar á heildina er litið? Merktu mikilvægasta atriðið með tölunni 1, það næstmikilvægasta með tölunni 2 og það þriðja mikilvægasta með tölunni 3.*

Svarmöguleikar	Einkunn 1		Einkunn 2		Einkunn 3		Heild	Röðun
	%	n	%	n	%	n		
<i>Bæta lífskjör fólks í fátækum löndum</i>	26,7	100	16,1	61	13,1	49	471	2
<i>Tryggja velferð komandi kynslóða</i>	26,1	98	22,7	86	16,5	62	528	1
<i>Auka nýtni í meðferð náttúruauðlinda</i>	21,6	81	22,4	85	14,1	53	466	3
<i>Að sporna gegn hnattrænum umbverfisvandamálum</i>	12,3	46	15,8	60	24,5	92	350	4
<i>Auka hagvöxt á Íslandi og í ríkjum heims</i>	5,6	21	7,9	30	9,1	34	157	6
<i>Minnka neyslu almennings á Vesturlöndum</i>	4,3	16	10,3	39	15,7	59	185	5
<i>Auka ábrif almennings í ákvörðunum um umbu.mál</i>	3,5	13	4,7	18	6,9	26	101	7
Alls:	100	375	100	379	100	375	2258	

Ath. Aðeins þeir sem svöruðu spurningu 8a játandi (sjá töflu 1) voru beðnir um að svara ofangreindri spurningu. Heildarstig hvers málefnis eru reiknuð þannig að hvert atkvæði í fyrsta sæti gefur þrjú stig, atkvæði í öðru sæti gefur tvö stig og atkvæði í þriðja sæti eitt stig. (Ógild svör: 1)

að bera einkunnagjöfina í heild sinni saman. Þrjú málefni af sjö voru greinilega talin mikilvægust fyrir sjálfbæra þróun: *Bæta lífskjör fólks í fátækum löndum*, *tryggja velferð komandi kynslóða* og *auka nýtni í meðferð náttúruauðlinda*. Að bæta lífskjör fátæks fólks var oftast valið mikilvægasta málefnið (þ.e. fékk oftast einkunnina 1) en það var þó aðeins sjónarmunur á því og næsta þætti – að tryggja velferð komandi kynslóða – og það síðartalda fékk jafnframt töluvert fleiri stig en hið fyrrnefnda þegar á heildina er litið. Ef miðað er við heildarstig fremur en fyrstu einkunn þá skýst svarið að *minnka neyslu almennings á Vesturlöndum* jafnframt upp fyrir svarið að *auka hagvöxt á Íslandi og í ríkjum heims*. Athygli v ekur að þeir tveir þættir sem snúa væntanlega mest að svarendunum sjálfum, þ.e. að minnka neyslu almennings

á Vesturlöndum og að *auka ábrif almennings í ákvörðunum um umbverfismál*, skipta að þeirra mati einna minnstu máli fyrir sjálfbæra þróun.

En hversu mikilvæg eru ofangreind málefni fyrir þátttakendur sjálfa? Þetta var einnig athugað í könnuninni, sbr. töflu 4. Svarmynstrið sem fram kemur í töflunni hér að ofan er í stórum dráttum það sama og við sáum í töflu 3 en þó með vissum frávikum. *Að búa í haginn fyrir velferð komandi kynslóða* er þannig það málefni sem svarendur telja mikilvægast fyrir sig sjálfa og munar raunar töluvert miklu á því og næstu málum þar á eftir. Í öðru til þriðja sæti og jöfn í einkunn koma síðan *að bæta lífskjör fólks í fátækum löndum* og *að sporna gegn hnattrænum umbverfisvandamálum*, en það síðartalda lenti nokkru neðar á lista þegar

Tafla 4 Mikilvægi heimsmála fyrir þátttakendur sjálfa (spurning 7).

Orðalag spurningar: *Hér að neðan eru talin upp nokkur atriði sem mörgum finnst skipta máli í heiminum um þessar mundir. Vinsamlegast tilgreindu hversu mikilvægt hvert þessara atriða er að þínu mati.*

[Þátttakendur merktu við á kvarða frá 1 (alls ekki mikilvægt) til 7 (mjög mikilvægt)]

Svarmöguleikar	Meðaleinkunn	Staðalfrávik	Ógild svör
<i>Að búa í haginn fyrir velferð komandi kynslóða</i>	6,34	1,04	8
<i>Að bæta lífskjör fólks í fátækum löndum</i>	5,98	1,37	10
<i>Að sporna gegn hnattrænum umhverfisvandamálum</i>	5,98	1,28	20
<i>Að auka nýtni í meðferð náttúruauðlinda</i>	5,92	1,33	22
<i>Að auka hagvöxt á Íslandi og í ríkjum heims</i>	5,60	1,44	17
<i>Að auka ábrif almennings í ákvörðunum um umhverfismál</i>	5,03	1,63	13
<i>Að minnka neyslu almennings á Vesturlöndum</i>	4,90	1,61	18

spurt var um mikilvægi heimsmálanna fyrir sjálfbæra þróun. *Að auka nýtni í meðferð náttúruauðlinda* fylgir síðan fast á hæla þeirra í fjórða sæti. *Að auka hagvöxt* er í fimmta sæti sem fyrr og botnsætin tvö eru einnig skipuð sömu málefnum og í töflu 3, þ.e. *að auka ábrif almennings* og *að minnka neyslu almennings*, nema hvað þau hafa nú haft sætaskipti sín á milli.

Rétt er að vekja athygli á því að tölurnar í töflu 4 sýna ekki aðeins röðun þessara sjö heimsmála með tilliti til mikilvægis þeirra innbyrðis heldur eru þær einnig – og ekki síður – mælikvarðar á mikilvægi þeirra almennt, þ.e. hvort svarendum þyki þessi málefni yfir höfuð mikilvæg eða ekki. Ef horft er á niðurstöðurnar í þessu ljósi þá sést að hvert eitt og einasta þessarar heimsmála er talið mikilvægt af hálfu svarenda. Þar af eru fyrstu þrjú-fjögur málefni í töflunni greinilega talin mjög mikilvæg. Almennt séð gildir hér einnig sú regla að því mikilvægara sem málefni telst (hærri meðaleinkunn), því meiri einhugur ríkir meðal svarenda um mikilvægi þess (læggra staðalfrávik).¹⁰

Hverfum nú frá heimsmálunum um sinn en leiðum hugann að Íslandi. Íslensk umhverfismál eru um margt ólík því sem gerist í nágrannalöndum okkar. Landið er bæði strjálbýlt og fremur lítið iðnvætt og því hafa Íslendingar mikið til losnað við ýmsa neikvæða fylgifyska nútímalífs í þéttbýlli og/ eða iðnvæddari löndum. Mengun ýmiskonar, bæði frá stórborgum og iðnaði, og hætta af kjarnorkuslysum, eru meðal þeirra umhverfisvandamála sem hrjá t.a.m. íbúa á meginlandi Evrópu mun meira en okkur heima á Fróni. Á hinn bóginn glíma Íslendingar við ýmis umhverfismál sem eru mun minna aðkallandi eða jafnvel óþekkt í öðrum vest-rænum þjóðfélögum. Þar kemur gróður- og jarðvegseyðing fyrst upp í hugann, en einnig má segja að verndun ósnortinnar náttúru, verndun og ræktun skóga og viðhald fiskistofna séu mikið til „séríslensk“ viðfangsefni; þau eru a.m.k. meðal þróaðra landa óvíða meira aðkallandi en einmitt hér.

Í töflu 5 koma fram niðurstöður um mat þátttakenda á mikilvægustu viðfangsefnum íslenskra stjórnvalda á sviði umhverfismála.

¹⁰ Hæsta mögulega meðaleinkunn var sjö en lægsta einn og miðgildið er þ.a.l. fjórir. Öll málefni sem fá hærri meðaleinkunn en fjóra teljast því mikilvæg en hin ekki.

Þar voru sjö málefni sett á lista, valin úr hópi þeirra umhverfisvandamála sem mest hefur verið rætt um á Íslandi. Eitt þessara málefna, *verndun fiskistofna*, lendir greinilega í sérflokk hjá svarendum, hvort sem horft er til útkomunnar í fyrsta dálki (mikilvægasta málefni) eða þess síðasta (mikilvægi í heild). *Verndun ósnortinnar náttúru* lendir í öðru sæti og *stöðvun jarðvegs- og gróðureyðingar* í því þriðja ef miðað er við niðurstöður um mikilvægasta málefnið, en sú röðun snýst hinsvegar við ef miðað er við heildarstiginn sem þessi málefni fá hvort um sig. Röðun annarra málefna er óbreytt, hvort sem miðað er við fyrsta dálk eða þann fjórða.

Ef við horfum þessu næst til niðurstaðna um mat svarenda á mikilvægi sömu umhverfismála fyrir sig sjálfa (en ekki sem viðfangsefni fyrir stjórnvöld), þá kemur fram mynstur sem er töluvert frábrugðið ofangreindu (tafla 6). Hér fær *ad stöðva jarðvegs- og gróðureyðingu* hæstu meðaleinkunn allra málefna en *ad vernda stofna nytjafiska*

lendir í þriðja sæti og *ad vernda ósnortna náttúru* í því sjöunda og síðasta. Innbyrðis röð annarra mála breytist einnig talsvert frá því sem fram kom í töflu 5 og færast þau öll úr stað nema *ad rækta skóga* sem er eins og áður í næst-neðsta sæti. Svarendur setja talsvert meira vægi á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, eina hnattræna umhverfisvandamálið sem tiltekið er á listanum. Hér er þó einnig rétt að hafa í huga að allar einkunnirnar eru fremur háar og því eru öll málefni talin mikilvæg en bara í mismiklum mæli. Staðalfrávikin í svörum er, eins og í töflu 4 um heimsmálin, því meira sem mikilvægið mælist (að meðaltali) minna og því eru skoðanir einna skiptastar um mikilvægi þess að vernda ósnortna náttúru og að rækta skóga.

Þótt umhverfismálin séu almennt talin mikilvæg samfélagsmál þá er ekki þar með sagt að allir þegnar samfélagsins hafi áhuga á sömu málefnum. Þvert á móti má sjá skýrar vísbendingar um það í opinberri umræðu

Tafla 5 Mikilvægi umhverfismála fyrir íslensk stjórnvöld (spurning 11).

Orðalag spurningar: *Hver þriggja eftirtalinna atriða attu, að þínu mati, að vera mikilvægustu viðfangsefni íslenskra stjórnvalda á sviði umhverfismála? Merktu mikilvægasta atriðið með tölunni 1, það næstmikilvægasta með tölunni 2 og það þriðja mikilvægasta með tölunni 3.*

Svarmöguleikar	Einkunn 1		Einkunn 2		Einkunn 3		Heild	Röðun
	%	n	%	n	%	n		
<i>Verndun fiskistofna</i>	37,0	198	17,7	94	14,2	76	858	1
<i>Verndun ósnortinnar náttúru</i>	14,2	76	13,2	70	12,3	66	434	3
<i>Stöðvun jarðvegs- og gróðureyðingar</i>	11,2	60	22,2	118	19,1	102	518	2
<i>Minni losun gróðurhúsalofttegunda</i>	10,8	58	11,8	63	14,2	76	376	4
<i>Aukin endurvinnsla á sorpi</i>	10,3	55	12,4	66	12,7	68	365	5
<i>Ræktun skóga</i>	8,4	45	11,5	61	14,4	77	334	6
<i>Minni mengun vegna bílaumferðar</i>	8,0	43	11,3	60	13,1	70	319	7
Alls:	100	535	100	532	100	532	3204	

Ath. Heildarstig hvers málefnis eru reiknuð þannig að hvert atkvæði í fyrsta sæti gefur þrjú stig, atkvæði í öðru sæti gefur tvö stig og atkvæði í þriðja sæti eitt stig (Ógild svör: 1)

Tafla 6 Mikilvægi íslenskra umhverfismála fyrir þátttakendur sjálfa (spurning 10).

Orðalag spurningar: *Hér að neðan eru talin upp nokkur algeng umhverfismál sem menn glíma við á Íslandi. Vinsamlegast tilgreindu hversu mikilvæg þú sjálf(ur) telur þessi umhverfismál vera, hvert fyrir sig. [Merkt við á kvarða frá 1 (alls ekki mikilvægt) til 7 (mjög mikilvægt)]*

Svarmöguleikar	Meðaleinkunn	Staðalfrávik	Ógild svör
<i>Að stöðva jarðvegs- og gróðureyðingu</i>	6,26	1,04	10
<i>Að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda</i>	6,12	1,19	14
<i>Að vernda stofna nytjafiska í sjónum umhverfis Ísland</i>	6,11	1,22	8
<i>Að auka endurvinnslu á sorpi</i>	6,03	1,25	9
<i>Að minnka mengun vegna bílaumferðar</i>	5,87	1,33	8
<i>Að rækta skóga</i>	5,73	1,41	7
<i>Að vernda ósnortna náttúru</i>	5,69	1,41	10

á Íslandi að margir umhverfis- og náttúruverndarsinnar hafi tilhneigingu til að helga sig einum málaflokki fremur en öðrum. Þar með skapast einnig grunnur fyrir skiptingu þeirra í nokkra ólíka hópa, sem ekki þurfa endilega að eiga samleið í öllum málum, eins og t.d. má greina af vissum erjum sem hafa sett mark sitt á samskipti ýmissa fylkinga á undangengnum árum. Ekki er fyllilega ljóst hvað þessir hópar gætu verið margir, en við töldum þó upp þá fimm líklegustu og báðum svarendur að segja okkur hverjum þeirra (ef einhverjum) þeir teldu sig helst tilheyra. Niðurstöðurnar eru sýndar í töflu 7. Samkvæmt þeim mynda *landgræðslusinnar* fjölmennasta hópinn, næst koma *náttúruverndarsinnar* og síðan *skóg-ræktarsinnar*. Jafnframt er rétt að benda á það að ríflega 90% svarenda settu sig í einhvern þeirra fimm hópa sem valið stóð um en innan við 10% þeirra sagðist ekki hafa áhuga á umhverfismálum og taldi sig því ekki til neins þeirra hópa sem tilteknir voru. Níu af hverjum tíu svarendum töldu sig með öðrum orðum vera umhverfisverndarsinna af einhverjum toga.

En hvað sýna mælikvarðar á umhverfishygð – leiða þeir jafn jákvæða niðurstöðu í ljós? Í könnuninni 2003 voru einkum fjórar spurningar ætlaðar til mælinga á almennri umhverfishygð svarenda. Umrædd mælitæki höfðu áður verið notuð í hinni norrænu rannsókn Siðfræðistofnunar árið 1997 og einnig í Lífsgildakönnunum 1990 og 1999, þaðan sem spurningarnar voru upphaflega fengnar. Niðurstöðurnar úr könnuninni 2003 eru sýndar í töflu 8.

Ef við lítum til að byrja með á fyrri tvær staðhæfingarnar saman þá kemur í ljós að þær njóta hvorug stuðnings meirihluta svarenda. Ef aðeins er horft til þeirra þátttakenda sem tóku afstöðu þá eru um 40% þeirra sammála hvorri þessara spurninga en 60% ósammála. Þetta er töluverð breyting frá þeim niðurstöðum sem sömu mælitæki hafa gefið í eldri könnunum (sjá nánar töflu 13) og reyndar í fyrsta sinn síðan mælingar á umhverfishygð hófust á Íslandi sem jákvæð viðhorf til umhverfisverndar, mæld með almennum mælikvörðum, njóta ekki stuðnings hjá meirihluta svarenda. Síðari mælitækin tvö

Tafla 7 Hópaskipting íslenskra umhverfis- og náttúruvemdarsinna (spurning 31).

Orðalag spurningar: *Fólke getur haft ábuga á umhverfismálum af mismunandi ástæðum. Hér að neðan eru nefnd dæmi um helstu bópa umhverfisverndarsinna, sem síðan skarast að ýmsu leyti. Veldu þann hóp sem lýsir best þínum eigin ábuga á umhverfismálum.*

Svarmöguleikar	%	n
<i>Landgræðslusinnar (vilja stöðva jarðvegs- og gróðureyðingu)</i>	31,4	175
<i>Náttúruverndarsinnar (vilja vernda ósnortna náttúru landsins)</i>	21,9	122
<i>Skógræktarsinnar (vilja rækta og viðhalda skógum á landinu)</i>	16,5	92
<i>Mannverndarsinnar (vilja vernda manninn fyrir þættum í umhverfinu)</i>	11,8	66
<i>Dýravemdunarsinnar (vilja standa vörð um velferð og bagsmuni dýra)</i>	9,3	52
<i>Ég hef ekki ábuga á umhverfismálum</i>	9,1	51
Alls (ógild svör: 30)	100	558

sýna hins vegar aðra niðurstöðu: Þar velur töluverður meirihluti þátttakenda þá svarmöguleika sem eru jákvæðir í garð umhverfisverndar. Ef aðeins er litið til þeirra sem tóku afstöðu þá voru tæplega 70% svarendur ósammála þriðju fullyrðingunni hér að ofan og rétt tæp 80%

ósammála þeirri fjórðu. Þetta eru þó í báðum tilvikum nokkuð lægri hlutföll en komið hafa fram í eldri könnunum og því breytast niðurstöður allra þessara mælitækja í sömu átt, þ.e.a.s. sýna lækkun á umhverfshygd á milli ára. Fjallað verður nánar um þessa þróun í umræðukaflanum hér á eftir.

Tafla 8 Almenn umhverfshygd svar enda (spurning 1, liðir a–d).

Orðalag spurningar: *Ert þú sammála eða ósammála eftirfarandi staðhæfingum?*

Staðhæfingar	Mjög/frekar sammála		Hvorki sammála né ósammála		Mjög/frekar ósammála		Ógild svör
	%	n	%	n	%	n	
<i>Ég myndi vilja gefa hluta tekna minna ef ég væri viss um að peningarnir yrðu notaðir til að koma í veg fyrir umhverfismengun.</i>	29,6	165	28,7	160	41,8	233	30
<i>Ég myndi samþykka skattabækanir ef peningarnir yrðu notaðir til að koma í veg fyrir umhverfismengun.</i>	30,7	171	23,7	132	45,6	254	31
<i>Ef við viljum vinna gegn atvinnuleysi hér á landi verðum við að setta okkur við umhverfisvandamál.*</i>	26,0	146	15,9	89	58,1	326	27
<i>Umhverfisvernd og barátta gegn mengun er ekki eins brýn og oft er talið.*</i>	17,1	95	16,2	90	66,7	370	33

Ath. Staðhæfingarnar sem merktar eru með stjörnu hér að ofan eru neikvætt orðaðar með tilliti til umhverfshygðar. Þeir svarendur sem eru ósammála umræddum staðhæfingum eru því taldir hafa jákvæða afstöðu til umhverfisverndar en hinir neikvæða.

Hér er framan hefur verið greint frá ýmsum niðurstöðum sem einkum varða viðhorf svarenda til umhverfismála, þ.e. hvaða *skoðanir* fólk hefur á þeim. En hversu mikla *þekkingu* hefur fólk á helstu umhverfisvandamálum? Og hvað með breytni þess, hvernig það hegðar sér – er vistvænt *atferli* útbreitt á Íslandi?

Í könnuninni báðum við þátttakendur að svara því hvort þeir hefðu heyrt um nokkur mengandi efni (spurning 2, liðir a til d). Í ljós kom að nær allir þeirra sögðust hafa heyrt um *geislavirkan úrgang* (99,7%), *ósoneyðandi efni* (99,0%) og *gróðurhúsalofttegundir* (97,9%) en heldur færri hins vegar um *þrávirk lífræn efni* (65,7%). Þá voru þátttakendur jafnframt beðnir um að meta þekkingu sína á umtöluðum hnattrænum umhverfisvandamálum (tafla 9).

Eins og sjá má í töflu 9 töldu mun fleiri svarendur sig hafa „mjög mikla“ eða „frekar mikla“ þekkingu en hið gagnstæða um þrjú fyrstu vandamál sem spurt var um, þ.e. *mengunarhattu vegna geislavirkra efna*, *þynningu ósonlagsins* og *gróðurhúsaáhrifum*. Í öllum tilvikum er þó miðhópurinn, þ.e. þeir sem hafa „hvorki mikla né litla vitneskju“ um málið, fremur stór (inniheldur meira en þriðjung svarenda). Þekkingarstigið er einnig töluvert lægra þegar kemur að *útdaуда lífverutegunda af mannavöldum* en fleiri þátttakendur segjast annaðhvort hafa „mjög

litla“ eða „frekar litla“ vitneskju um það málefni en öfugt.

Atferli svarenda í sambandi við ýmsa þætti daglegs lífs sem snerta umhverfismál var kannað með tilliti til nokkurra ólíkra þátta. Í fyrsta lagi var athugað hversu algengt væri að fólk flokkaði sorp með því að spyrja hvaða hluti það flokkaði helst frá þeim úrgangi sem til félli á heimilinu (tafla 10).

Af niðurstöðunum sést að sorpflokkun er almennt orðin nokkuð útbreidd – og í vissum tilvikum mjög algeng – á íslenskum heimilum en er þó mikið til háð þeirri tegund úrgangs sem um ræðir. Þannig flokkar mikill meirihluti svarenda *drykkjarumbúðir með skilgjalddi og rafblöður* frá heimilis-sorpi, einnig segist töluverður meirihluti flokka frá *dagblöð og tímarit* og *spilliefni* en öllu færri flokka á hinn bóginn *mjólkurfernur* frá eða (sér í lagi) *lífrænan úrgang*.

Talsverður breytileiki kemur einnig fram í svörum við öðrum atferlisspurningum sem lagðar voru fyrir en niðurstöður þeirra má sjá í töflu 11. Samkvæmt henni er *óþarfa akstur* (á einkabíl) það atferli sem fæstir svarenda hafa reynt að færa til vistvænni vegar – aðeins tæplega 15% þeirra segjast „mjög mikið“ eða „frekar mikið“ reyna að minnka slíkan akstur. Þeir sem reyna „alltaf“ eða „oft“ að kaupa *lífrænt ræktaðar* matvörur eru aðeins fleiri eða rúm 16% en rétt um

Tafla 9 Þekking á hnattrænum umhverfisvandamálum (spurning 3, liðir a til d).

Orðalag spurningar: *Hversu mikla eða litla vitneskju telur þú þig hafa um eftirfarandi umhverfismál?*

Svarmöguleikar	Mjög/frekar MIKLA		Hvorki mikla né litla		Mjög/frekar LITLA		Ógild svör
	%	n	%	n	%	n	
<i>Þynningu ósonlagsins</i>	48,5	281	34,5	200	16,9	98	9
<i>Gróðurhúsaáhrif</i>	45,2	261	37,3	215	17,5	101	11
<i>Mengunarhattu vegna geislavirkra efna</i>	41,3	239	34,9	202	23,7	137	10
<i>Útdaуда lífverutegunda af mannavöldum</i>	27,7	160	35,0	202	37,3	215	11

Tafla 10 Flokkun þátttakenda á heimilissorpi (spurning 17).Orðalag spurningar: *Hvaða blutir eru flokkaðir frá sorpi á þínu heimili? Merktu við allt sem við á.*

Svarmöguleikar	%	n
<i>Drykjarumbúðir með skilgjaldi (t.d. plast- og glerflöskur, áldósur)</i>	89,7	504
<i>Rafblöður</i>	82,2	462
<i>Dagblöð og tímarit</i>	69,9	393
<i>Spilliefni (t.d. málning, lyf o.fl)</i>	67,3	378
<i>Mjólkufernur</i>	32,2	181
<i>Lífrænn úrgangur</i>	17,3	97
<i>Annað</i>	8,5	48
Alls (ógild svör: 3)		2063

25% svarenda segist síðan „alltaf“ eða „oft“ kaupa vörur sem auðkenndar eru með *umbverfismerki*. Á hinn bóginn segist ágætur meirihluti svarenda reyna að *minnka óþarfa rafmagnsnotkun* og er það því langútbreiddasta atferlið sem vistvænt getur talist af þeim atriðum sem könnuð voru.

Vistvænt atferli eins og að flokka sorp, draga úr akstri eða kaupa vörur með umhverfisvottorði er almennt talið mjög mikilvægur þáttur í mótun og viðhaldi sjálfbærs samfélags. Slíkt atferli er, eins og gefur að skilja, að stærstum hluta undir virkni almennings komið og þar leikur hann því

Tafla 11 Vistvænt atferli þátttakenda, annað en sopflokkun (spurningar 18, 19, 15 og 20).

Spurningar 18 og 19	Mjög/frekar MIKIÐ		Hvorki mikið né lítið		Mjög/frekar LÍTIÐ		Ógild svör
	%	n	%	n	%	n	
<i>Hversu mikið eða lítið reynir þú að minnka óþarfa rafmagnsnotkun heimilisins, t.d. með því að slökkeva á ljósum eða rafmagnstækjum sem ekki er verið að nota?</i>	62,2	361	19,3	112	18,4	107	8
<i>Hversu mikið eða lítið reynir þú að minnka óþarfa akstur, t.d. með því nota almenningsvagna í staðinn fyrir einkabíl til samgangna?</i>	14,7	84	14,7	84	70,6	403	17
Spurningar 15 og 20	Já, oft / ALLTAF		Já, stundum		Nei, sjaldan/ ALDREI		Ógild svör
	%	n	%	n	%	n	
<i>Kaupir þú frekar vöru merktá með umhverfismerki en sambærilega vöru sem ekki hefur slíkt merki?</i>	24,9	142	36,7	209	38,4	219	18
<i>Kaupir þú frekar matvöru sem er lífrænt ræktuð/framleidd en sambærilega vöru sem ekki er lífrænt ræktuð/framleidd?</i>	16,4	94	33,3	191	50,4	289	14

lykilhlutverk samkvæmt hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Þátttaka og virkni almennings í umhverfismálum á sér þó fleiri hlíðar en þá sem snýr að heimilunum eða (ó)vistvænu atferli einstaklinga. Samfélagsleg eða pólitísk virkni í umhverfismálum, þ.e. hversu reiðubúið fólk er til þátttöku í ákvörðunarferli umhverfismála, getur einnig að mati margra fræðimanna skipt sköpum fyrir framtíð sjálfbærs samfélags (sjá t.d. Minter og Taylor 2002; Raddiffe 2000). Pólitísk virkni íslensks almennings var því einn þeirra atferlisþátta sem athugaður var í rannsókninni (tafla 12).

Í töflu 12 kemur fram að rétt um 77% svarenda reyndu *ekki* að hafa áhrif á ákvarðanir um umhverfismál með neinum hætti á því tímabili (undangengið ár) sem spurt var um. Þeir sem eftir standa – tæpur fjórðungur svarenda – notuðu á hinn bóginn eina aðferð eða fleiri til að reyna að hafa slík áhrif, langflestir þá með því að *setja nafn sitt á undirskriftalista, taka þátt í mótmaðlafundi* eða *snúðanga vörur*. Einnig var nokkuð um það (en talsvert minna) að fólk segðist hafa *haft samband við stjórnálamann* eða verið *virkur meðlimir* í stjórnámaflokki eða frjálsum félagasamtökum til að reyna að ná sama marki. Þátttakendur voru einnig

spurðir hvort þeir væru meðlimir „í einhverjum samtökum sem starfa fyrst og fremst að umhverfismálum“ (spurning 25) og svöruðu 4,7% þátttakenda því játandi. Þetta er aðeins hærra hlutfall en það sem mældist í könnuninni 1997 (3,9%) en hafa ber í huga að samkvæmt þeirri könnun voru mun fleiri Danir (13,1%) og Svíar (10,1%) meðlimir í slíkum samtökum en Íslendingar (Ahlqvist 1997).

UMRÆÐUR OG ÁLYKTANIR

Hvað segja framangreindar niðurstöður okkur um umhverfisvitund Íslendinga? Í fyrsta lagi benda þær til þess að landsmenn þekki og/eða skilji sjálfbæra þróun alls ekki eins vel og æskilegt væri. Í því sambandi er einna mest sláandi að rétt um fjórðungur svarenda (24,4%) segist ekki hafa heyrt um sjálfbæra þróun (sjá töflu 1). Jafnframt er þekking á þremur mikilvægum viðmiðum sjálfbærrar þróunar – varúðarreglunni, mengunarbótareglunni og Staðardagskrá 21 – af æði skornum skammti þar sem 75-85% svarenda segjast ekki þekkja þau (sjá töflu 2).

Heldur jákvæðari mynd kom þó fram þegar reynt var að meta skilning þátttakenda á sjálfbærri þróun með því að spyrja þá

Tafla 12 Pólitísk virkni þátttakenda í umhverfismálum (spurning 30).

Orðalag spurningar: <i>Reyndir þú á síðastliðnum 12 mánuðum að hafa áhrif á stjórnáalaákvæðanir um umhverfismál með einhverjum hætti? Merktu við allt sem við á.</i>		
Svarmöguleikar	%	n
<i>Setti nafn mitt á undirskriftalista, tók þátt í mótmaðlafundi eða snúðgekk vörur</i>	18,0	102
<i>Hafði samband við stjórnálamann eða embættismann</i>	3,5	20
<i>Var virkur meðlimur í stjórnámaflokki</i>	3,5	20
<i>Var virkur meðlimur í frjálsum félagasamtökum</i>	2,8	16
<i>Skreifaði bréf eða grein í dagblað eða tímarit</i>	1,1	6
<i>Notaði aðra(r) aðferð(ir)</i>	1,9	11
<i>Ekkert af ofantöldu</i>	76,9	437
Alls (ógild svör: 4)		612

um mikilvægi nokkurra ólíkra málefna fyrir þessa hugmyndafræði (sjá töflu 3). Einna algengast var að svarendur tengdu sjálfbæra þróun við velferð komandi kynslóða og ábyrga nýtingu náttúruauðlinda og þarf sú niðurstaða ekki að koma á óvart þar sem þessi tvö atriði án efa þau sem mest áhersla hefur verið lögð á í opinberri umræðu um sjálfbæra þróun. Öllu minna hefur á hinn bóginn farið fyrir umræðu um baráttuna gegn fátækt (og raunar þá hlið sjálfbærrar þróunar sem snýr að þróunarmálum almennt) og því var það mun óvæntari niðurstaða að svarendur skyldu telja bætt lífskjör fólks í fátækum löndum vera mikilvægasta (eða a.m.k. næst-mikilvægasta) málefnið fyrir sjálfbæra þróun. Að mati undirritaðs er þetta skýr vísbending um að almennings tengi umhverfis- og þróunarmálin saman og er þessi niðurstaða því mjög jákvæð þar sem sú samþætting er einmitt grundvallaratriði í hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.¹¹ Á hinn bóginn var eigið atferli svarenda (neysla, virkni) það sem þeir tengdu einna minnst við sjálfbæra þróun og er sú útkoma visst áhyggjuefni í ljósi þess sem áður hefur verið sagt um hlutverk og mikilvægi almennings. Hér er þekkingarskortur trúlega mest um að kenna – (ó)sjálfbær neysla hefur ekki verið ýkja stórt áhersluefni hjá stjórnvöldum eða menntastofnunum og því er alls ekki víst að almennings átti sig á þætti hennar í vandamálum á sviði umhverfis- eða þróunarmála.

Almenn þekking á umhverfismálum hefur enn minna verið rannsökuð hérlendis en umhverfisviðhorf eða vistvænt atferli. Eina eldri rannsóknin sem tók eitthvað á því máli var könnun Hagvangs fyrir Umhverfissráðuneytið árið 1993 þar sem

spurt var um þekkingu á gróðurhúsaáhrifum. Í ljós kom að íslenskur almennings þekkti mjög lítið til þeirra – aðeins um 20% svarenda gátu svarað því hvað gróðurhúsaáhrif væru, 35% höfðu einhverja hugmynd um það en rúm 44% þekktu þau alls ekki (Umhverfissráðuneytið 1993). Niðurstöður okkar könnunar áratug síðar gefa vísbendingu um töluverða – jafnvel mjög mikla – framför hvað þekkingu á þessu vandamáli snertir (sjá töflu 9): Nánast allir svarendur (97,9%) segjast þannig hafa heyrt um gróðurhúsalofttegundir og 45,4% segjast hafa mjög eða frekar *mikla* vitneskju um gróðurhúsaáhrif á meðan aðeins 17,5% segja að þeir hafi mjög/frekar *lilla* vitneskju um þau. Þekkingarstigið árið 2003 er síðan á móta hátt varðandi eyðingu ósonlagsins og mengunarhættu af völdum geislavirkra efna en heldur lakara þegar kemur að útdauða lífvera af manna völdum. Þá þekkjast mun færri þrávirk lífræn efni (e. Persistent Organic Pollutants, POPs) en önnur mengandi efni sem spurt var um.

Spurningarnar tvær sem við lögðum fyrir um mikilvægustu umhverfismál á Íslandi (sjá töflur 5 og 6) gáfu talsvert ólíkar niðurstöður. Þegar spurt var um mikilvægi umhverfismála *fyrir stjórnvöld* lenti verndun fiskistofna langefst á blaði en þar næst komu verndun ósnortinnar náttúru í öðru sæti og stöðvun jarðvegs- og gróðureyðingar í því þriðja (eða öfugt, eftir því við hvaða mælikvarða er miðað). Röðunin gjörbreyttist hins vegar þegar spurt var um mikilvægi málanna *fyrir þátttakendur sjálfa* – þá lenti stöðvun jarðvegs- og gróðureyðingar í efsta sæti á meðan verndun fiskistofna fór í það þriðja og verndun ósnortinnar náttúru féll alveg niður á botn.

¹¹ Sjálfbær þróun er umhverfis- og þróunarstefna, þ.e. stefna sem á að ná til beggja þessara málaflokka í senn. Við slíka samþættingu málaflokkanna hafa töluverðar vonir verið bundnar, en reyndin (a.m.k. á Vesturlöndum) hefur þó því miður oftast orðið sú að umhverfismálin lenda í forgrunni á meðan þróunarmálin vilja gleymast. Við slíkar aðstæður glatast merking hugtaksins „sjálfbær þróun“ að verulegu leyti og gildir hugmyndafræðinnar rýrnar.

Að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda lenti hér í öðru sæti (var í fjórða sæti varðandi mikilvægi fyrir stjórnvöld) og minni mengun vegna bílaumferðar fór úr sjöunda og síðasta sæti í það fimmta. Svo virðist því sem töluverður munur sé á þeim umhverfismálum sem þátttakendur sjálfir telja mikilvægust og þeim málum sem þeim finnst brýnast að stjórnvöld glími við. Þessi munur er ekki auðskýrður en hugsanlega kann hann þó að tengjast hópaskiptingu umhverfis- og náttúruverndarsinna, eins og vikið verður að hér á eftir. En þegar hugað er að innbyrðis mikilvægi – eða goggunar-röð – þessara umhverfismála má ekki gleyma því að þau fá öll fremur háa einkunn hjá svarendum og málefnið eru því öll talin mikilvæg, þótt að mismiklu leyti sé.

Ef við lítum nú á niðurstöðurnar um hópaskiptingu íslenskra umhverfis- og náttúruverndarsinna þá veur fyrst athygli hversu fáir kjósa *ekki* að tengja sig neinum þeirra hópa sem í boði voru eða innan við 10% svarenda (sjá töflu 7). Annað sem kemur nokkuð á óvart í þessum niðurstöðum er sá fjöldi þátttakenda sem tengir sig annars vegar við mannvernd og hins vegar við dýravernd en hvorugur hópurinn hefur (a.m.k. sem slíkur) verið mjög áberandi í opinberri umræðu um umhverfis- og náttúruverndarmál. Stærð og þar með röðun annarra hópa kemur minna á óvart, þó er rétt að hafa í huga að hópar landgræðslu- og skógræktarsinna skarast trúlega nokkuð meira innbyrðis en gerist og gengur með aðra hópa, enda áhugamálin í sumum tilfellum sameiginleg, samanber verkefni eins og landgræðslu-skóga. En miðað við þau „styrkleika-hlutföll“ sem hér birtast kemur ekki á óvart að stöðvun jarðvegs- og gróðureyðingar hafi verið talið mikilvægasta umhverfismálið fyrir svarendur sjálfa – landgræðslusinnar mynda stærsta hópinn og því er rökrétt að baráttumál þeirra lendi efst á lista.

Þann mikla mun sem er á stöðu náttúruverndar eftir spurningum er hins vegar erfiðara að skýra, niðurstaðan úr seinni spurningunni (sjá töflu 6) virðist í fljótu bragði ekki vera í góðu samræmi við þann fjölda svarenda sem skilgreinir sig sem náttúruverndarsinna, næstfjölmennasta hópinn. Vera kann að skýringin liggja í því að verndun ósnortinnar náttúru höfði ekki mikið persónulega til margra þeirra þátttakenda sem standa utan við þennan hóp (eða a.m.k. minna en önnur málefni) og því lendi málefnið svo neðarlega á lista sem raun ber vitni. Svarið við þessu (og raunar ýmsu öðru sem hér hefur til bráðabirgða verið slegið fram) kallar þó á ítarlega úrvinnslu gagna og verður því að bíða betri tíma.

Flokkun á heimilissorpi virðist hafa fest sig þokkalega í sessi meðal Íslendinga og þá ekki aðeins varðandi þá hluti sem fólk fær (endur)greitt fyrir að flokka – þ.e. drykkjarumbúðir með skilagjaldi – heldur líka dagblöð og tímarit, rafhlöður og spilliefni (sjá töflu 10). Á hinn bóginn flokkar aðeins um þriðjungur svarenda mjólkurfernur frá öðru heimilissorpi og innan við fimmtungur þeirra lífrænan úrgang. Tregðan við flokkun mjólkurferna er ekki auðskýrð en flokkun lífræns úrgangs kallar hins vegar væntanlega einnig á einhvers konar jarðgerð og er því mun flóknari aðgerð en önnur flokkun. Ofangreindum niðurstöðum svipar mjög til þeirra sem fram komu í könnun Reykjavíkurborgar árið 1999, flokkunarröðin er sú sama og hlutföll þeirra svarenda sem flokka hverja tegund úrgangs eru einnig mjög lík. En þar sem okkar könnun var gerð á landsvísi meðan könnun Reykjavíkurborgar náði eingöngu til Reykvíkinga verður að fara varlega í samanburð – aðstæður til flokkunar eru ekki endilega alls staðar þær sömu (þ.e. jafn góðar eða slæmar, eftir því hvernig á það er litið) á landinu.

Annað vistvænt atferli sem reynt var að meta reyndist ekki sérlega útbreitt meðal svarenda nema það að slökkva á ljósum eða rafmagnstækjum sem ekki var verið að nota (sjá töflu 11). Niðurstöðurnar kalla á það að verulegt átak verði gert til að upplýsa almenning um leiðir til vistvænni lífnáðar, enda skipta lífshættir – hvað fólk raunverulega gerir – auðvitað höfuðmáli við uppbygginu og viðhald sjálfbærs samfélags. En hér er fólk sjálfu þó ekki endilega alfarið um að kenna: Neysla lífrænnar fæðu er oftast kynnt sem heilsuverndarmál og því alls ekki víst að fólk tengi hana við umhverfisvernd. Lífræn matvara er líka yfirleitt dýrari en önnur sambærileg vara (m.a. vegna niðurgreiðslna). Ástæða þess að fólk kaupir ekki vörur með umhverfismerki gæti hæglega verið sú að það þekki ekki merkin sem eiga að votta að viðkomandi vara sé vistvæn. Litlar hömlur á notkun einkabílsins á Íslandi eiga sér sömuleiðis eflaust ýmsar „utanaðkomandi“ skýringar, svo sem rysjótt veðurfar, (ó)skipulag byggðar og stopular almennings-samgöngur. Það virðist því margt þurfa að breytast – og þá ekki síður í innviðum samfélagsins en í hugum fólks – áður en búast má við því að vistvænt atferli eins og það sem er hér til umræðu verði mjög útbreitt á Íslandi.

Fremur fáir Íslendingar eru félagar í umhverfisverndarsamtökum, a.m.k. í samamburði við Þjóðir eins og Svía og Dani, eins og fram kom í norrænu könnuninni okkar 1997. Pólítísk virkni svarenda árið 2003 reyndist á hinn bóginn vera umtalsverð: Tæpur fjórðungur þeirra sagðist hafa reynt að hafa áhrif á ákvarðanir um umhverfismál með einum eða öðrum hætti á undangengnu ári (sjá töflu 12). Þótt hafa beri í huga að tímabilið sem hér um ræðir var trúlega með þeim róstusamari í sögu íslenskra umhverfismála, þá er þetta eftir sem áður skýr vísbending um að fólk láti

sig umhverfismálin varða og sýni jafnframt vilja til þátttöku í ákvörðunarferli þeirra. Þetta hlýtur hvoru tveggja að teljast jákvætt fyrir sjálfbæra þróun og ekki síður fyrir framtíð lýðræðis á Íslandi.

Ef við hugum í lokin að almennri umhverfishygð svarenda þá er það óneitanlega nokkuð sláandi niðurstaða að hún skuli mælast minni í könnun okkar á vormánuðum 2003 en nokkru sinni áður. Miðað við þá miklu umræðu – og þau umfangsmiklu mótmæli – sem verið höfðu í gangi mest allan undangenginn vetur, einkum varðandi Kárahnjúkavirkjun og Norðlingaölduveitu, hefði frekar mátt ætla að umhverfishygð landsmanna myndi aukast en hið gagnstæða. En stuðningur við umhverfisvernd *minnkar* samkvæmt öllum fjórum mælikvörðum og umhverfisvernd nýtur aukinheldur ekki stuðnings meirihluta svarenda samkvæmt tveimur þeirra, þ.e. þeim sem snúa að „greiðsluvilja“ (e. *willingness to pay*). Til þess að varpa skýrara ljósi á þróun umhverfishygðar á Íslandi hef ég tekið saman yfirlit um niðurstöður þeirra kannana þar sem ofangreindir mælikvarðar hafa verið notaðir (tafla 13).

Þar sem Lífsgildakannanirnar tvær (merktar EVS í töflunni, sjá Friðrik H. Jónsson og Stefán Ólafsson 1991; Halman 2001; Friðrik H. Jónsson, pers. uppl. 2004) eru um margt frábrugðnar könnunum Síðfræðistofnunar (merktar SST, sjá Ahlqvist 1997) er varhugavert að gera beinan samburð þar í milli en niðurstöður kannananna sömu gerðar ætti hinsvegar að vera óhætt að bera saman á milli ára. Slikur samburður á niðurstöðum Lífsgildakannanna sýnir einnig nokkra lækkun þar á milli árána 1990 og 1999 en lækkunin er hins vegar mun meiri á milli kannana Síðfræðistofnunar 1997 og 2003 (þ.e. 8 til 24%). Þessi útkoma gæti bent til þess að lækkun á umhverfishygð Íslendinga væri langtíma ferli sem hafi hafist einhvern tímann

á síðasta áratug. Mælingar eru þó of fáar og of langt á milli þeirra til þess hægt sé að fullyrða nokkuð um þetta af öryggi.

Hin meginskýringin á (mun) lægri umhverfishygd vorið 2003 en áður hefur mælst er að áhugi almennings á umhverfismálum hafi snögglega „tekið dýfu“, þ.e. minnkað mjög mikið yfir fremur stutt tímabil. Sveiflur í umhverfishygd eru vel þekkt fyrirbæri erlendis og virðast gjarnan tengjast niðursveiflum í efnahagslífinu, þótt fleiri samfélagslegir þættir geti einnig haft áhrif (Dunlap 2002b). Íslenskt efnahagslíf var í greinilegri niðursveiflu veturinn 2002-2003 sem m.a. birtist í töluvert meira atvinnuleysi meðal landsmanna en verið hafði nokkuð lengi.¹² Því er alls ekki ólíklegt að eitthvert samband kunni að vera á milli lakari efnahagsástands og lægri umhverfishygðar. Fleira gæti þó spilað inn í (eða saman við) þetta, eins og það að gagnasöfnun vegna könnunarinnar féll að stórum hluta saman við aðdraganda Alþingiskosninganna 2003. Umhverfismálin voru ekki mjög ofarlega á dagskrá þjóðmálaumræðunnar fyrir þær kosningar og því gæti hugsast að fólk hafi verið upptekið af allt öðrum málum á þessu

tímabili. Loks má ekki gleyma því að fljótlega upp úr áramótum 2002-2003 var gengið frá samningum við ALCOA um byggingu álvers í Reyðarfirði en þar með var baráttan gegn Kárahnjúkavirkjun endanlega töpuð. Fjölmíðlaumræða um virkjanamálin minnkaði mjög mikið – og snarlega – í kjölfarið og það kann vel að hafa haft einhver áhrif. Þá mætti jafnvel hugsa sér að ósigurinn í þessu „stærsta umhverfismáli Íslandssögunnar“ hafi slegið einhverja fylgismenn náttúru- og umhverfisverndar út af laginu og/ eða dregið úr áhuga þeirra á að beita sér í þágu þessa málaflökks.

Ofangreindar vísbendingar um minnkandi umhverfishygd verður þó að skoða í ljósi annarra niðurstaðna könnunarinnar sem margar hverjar benda í gagnstæða átt, þ.e. að áhugi á umhverfismálum sé (enn) mikill meðal Íslendinga. Þá kom mun jákvæðari niðurstaða í ljós í könnun sem Gallup vann fyrir Landvernd síðla sumars 2003 – eða aðeins fáeinum mánuðum eftir að okkar könnun var gerð – en þar sögðust um 85% landsmanna hafa „mjög mikinn“ eða „frekar mikinn“ áhuga á umhverfismálum (Landvernd 2003). Hvernig skýrum

Tafla 13 Almenn umhverfishygd á Íslandi – þróun yfir tíma.

Mælikvarði	EVS 1990	EVS 1999	Munur EVS	SST 1997	SST 2003	Munur SST
<i>Gefa hluta tekna minna</i>	78 %	63,5%	-14,5%	65,6%	41,5%	-24,1%
<i>Samþykking skattabækkunar</i>	60%	57,2%	-2,8%	54,6%	40,2 %	-14,4%
<i>Sætta okkur við vandamál</i>	72%	67,6%	-4,4%	82,5%	69,1%	-13,4%
<i>Umhverfisvernd ekki brýn</i>	85%	82,5%	-2,5%	87,9%	79,6 %	-8,3%

Ath. Öll hlutföll hér að ofan vísa til þeirra sem sýndu jákvæða afstöðu til umhverfisverndar miðað við það mælitæki (ýmist jákvætt eða neikvætt orðað, sjá töflu 8) sem lagt var fyrir í hverju tilviki. Uppgefin hlutföll í könnunum Síðfræðistofnunar miðast aðeins við þá sem tóku afstöðu með eða á móti fullyrðingunum.

¹² Atvinnuleysið sem var 2,2% í ágúst 2002 byrjaði að aukast um haustið og náði hámarki í febrúar 2003 þegar það varð 4,1% en það var mesta atvinnuleysi sem á Íslandi hafði mælst síðan um miðjan tíunda áratug síðustu aldar (þá fór það hæst upp í u.þ.b. 5%). Atvinnuleysið fór síðan hægt minnkandi fram eftir ári og komst aftur niður fyrir 3% í ágúst 2003. (*Hagtíðindi* október 2003).

við þetta? Tók umhverfishygd Íslendinga stökk upp á við þegar að efnahagurinn batnaði og atvinnuleysið minnkaði – var útkoman í okkar könnun þarna um vorið bara skammtímasveifla sem jafnaðist út örfáum mánuðum síðar? Eða hefur orðið viðsnúningur (tímabundinn eða viðvarandi) á langtíma, hægfara þróun til lækkunar á umhverfishygd, sbr. umræðuna um töflu 13 hér að framan? Eða leiða mismunandi mælikvarðar á umhverfishygd e.t.v. bara fram svona gjörólíkar myndir af viðhorfum landsmanna til umhverfis- og náttúruverndar?

Því miður er engin leið til að leysa úr ofangreindum álitamálum á grundvelli tiltækra gagna – það yrði einungis gert með endurteknum fyrirlögnum á sama mælitæki (og helst fleiri en einu), gerðum með hæfilega þéttu millibili – og slík gögn eru (a.m.k. sem stendur) einfaldlega alls ekki fyrir hendi. Hér er þó um töluvert alvörumál að ræða því *ef* umhverfishygd almennings á Íslandi hefur minnkað, hvort heldur til lengri eða skemmri tíma, eins og sumar niðurstöður okkar benda til, þá *hlytur* sú þróun að vera áhyggjuefni fyrir stjórnvöld, félagasamtök og almenna umhverfis- og náttúruverndarsinna. Þess vegna er líka full ástæða til að taka upp reglulegar mælingar á umhverfisvitund landsmanna, enda er slíkt gert í öllum nágrennalöndum okkar og þykir þar sjálfsagt mál.

LOKAORÐ

Þær niðurstöður sem kynntar hafa verið hér að framan sýna okkur nokkuð blendna eða tvíbenta mynd af umhverfisvitund Íslendinga. Áhuginn á umhverfismálum mælist mikill samkvæmt vissum mælikvörðum en lítill og/eða minnkandi samkvæmt öðrum. Þekking á umhverfismálum er í mörgum tilvikum allgóð og hefur að líkindum heldur aukist á síðustu árum fremur en hitt en er þó enn talsvert

glöppótt og á sumum sviðum engan veginn ásættanleg. Vistvænt atferli sýnir svipað mynstur – það er útbreitt á vissum sviðum en fátútt á öðrum. Íslenskur almenningur virðist talsvert reyna að beita sér í þágu umhverfismála á vettvangi stjórnmalanna en telur þó aukin þátttökurétt sinn í pólitískri ákvarðanatöku ekki vera mikið forgangsmál (a.m.k. ekki í samanburði við annað). Hann telur baráttu gegn fátækt vera mikilvæga og tengir hana jafnframt sterklega við sjálfbæra þróun en virðist á hinn bóginn hafa tilhneigingu til að horfa fram hjá þeim umhverfis- og þróunarvanda sem neysla hans sjálfs leiðir til.

Af ofansögðu ætti að vera ljóst að þótt töluvert hafi áunnist eiga stjórnvöld, menntastofnanir og félagasamtök enn mikið verk fyrir höndum ef ætlunin er að byggja upp sjálfbært samfélag á Íslandi. Jarðvegurinn sem fyrir hendi er – þ.e. hugur og vilji almennings – er í flesta stadi góður en það skiptir öllu máli hvernig unnið verður með hann á allra næstu árum, t.a.m. hvaða ráðstafanir verða gerðar til að auka skilning og þekkingu (m.a. á neyslumálunum), hvort hvatt verður til vistvæns atferlis og/eða slíkt atferli gert auðveldara en verið hefur og hvort hlustað verður á raddir umhverfis- og náttúruverndarsinna þegar kemur að ákvarðanatöku í mikilvægum málum. Jafnframt er brýnt að auka þátt rannsókna á hinum félagslegu og menningarlegu hliðum umhverfismálanna, m.a. þannig að mögulegt verði að fylgjast náið með gangi mála og meta þann árangur (eða þá afturför) sem orðið hefur.

Þakkir

Ofangreindar rannsóknir voru að mestu unnar í tengslum við verkefnið „Forsendur sjálfbærrar þróunar í íslensku samfélagi“ sem hófst árið 2001. Helsti styrktaraðili þess er Markáætlun Rannís um upplýsingatækni og umhverfismál en einnig hefur það notið stuðnings frá Reykjavíkurborg, Umhverfisráðuneytinu og Rannsóknasjóði

Háskóla Íslands. Eldri gögn fengust úr verkefni „Náttúra, þjóðerni og umhverfisstefna á Norðurlöndunum“ sem styrkt var af Umhverfisskólaáætlun Norðurlandaráðs (Nordic Environmental Research Program 1993-1997), Vísindasjóði Rannís, Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og fleiri aðilum. Þá hefur höfundur sjálfur hlotið styrki frá Rannsóknánámssjóði og Hag-þenki sem að hluta til hafa verið nýttir til þessara rannsókna og/eða skrifa. Ofangreindum styrk-veitendum eru hér með færðar bestu þakkir fyrir mikilvæga liðveislu.

Fjölmarginir aðilar aðstoðuðu höfund við gagnaöflun vegna þessara skrifa, þ.á.m. Anna Dóra Sæþórsdóttir, Árni Finnsson, Björn Guðbrandur Jónsson, Einar Sveinbjörnsson, Guðjón Magnússon, Hugi Ólafsson, Ingibjörg Ólafsdóttir, Jón Gunnarsson, Kolbrún Halldórsdóttir, María Hildur Maack, Ólafur Einarsson, Ólafur Páll Jónsson, Ragnheiður Ólafsdóttir, Sigríður Ásgeirsdóttir og Tryggvi Felixson. Eru þeim öllum færðar bestu þakkir fyrir hjálpinu. Karli Benediktssyni, ritstjóra Landabréfsins, þakka ég góðar viðtökur og gagnlegar ábendingar. Loks fá Ævar Þórólfsson, Einar Mar Þórðarson, Hjalti J. Guðmundsson og Friðrik H. Jónsson hér með alúðlegar þakkir fyrir gott samstarf við hönnun, útsendingu og úrvinnslu viðhorfskönnunarinnar sem grein þessi byggist á.

Heimildir:

Ahlqvist, A. 1997: *Nature, National Identity and Environmental Policy in Iceland, Denmark and Sweden*. Skýrsludrög, óbirt.

Árni Finnsson 2002: Frjáls félagsamtök - aflvaki umræðu. Í: Auður H. Ingólfssdóttir (ritstj.), *Grænskinna - Umhverfismál í brennidepli*. Reykjavík: Mál og menning og Umhverfisstofnun H.Í. Bls. 167-178.

Connelly, J. og G. Smith 1999: *Politics and the Environment: From theory to practice*. London: Routledge.

Dalton, R. J. 1994: *The Green Rainbow: Environmental Groups in Western Europe*. New Haven: Yale University Press.

Dunlap, R. E. 1992: Trends in Public Opinion Toward Environmental Issues. 1965-1990. Í: Dunlap, R. E. og A. G. Mertig (ritstj.), *American Environmentalism. The U.S. Environmental Movement, 1970-1990*. New York: Taylor & Francis. Bls. 89-116.

Dunlap, R. E. 2002a: Paradigms, Theories and Environmental Sociology. Í: Dunlap, R. E., F. H. Buttel, P. Dickens og A. Gijswijt (ritstj.), *Sociological Theory and the Environment: Classical Foundations, Contemporary Insights*. Lanham: Rowman & Littlefield Publishers. Bls. 329-350.

Dunlap, R. E. 2002b: An Enduring Concern: Light stays green for environmental protection. *Public Perspective*, 13: 10-14. http://roperftp.ropercenter.uconn.edu/rcnet/freedata/Vol113_No5_pp10-14.pdf (skoðað 1. mars 2004).

Dunlap, R. E., F. H. Buttel, P. Dickens og A. Gijswijt (ritstj.) 2002: *Sociological Theory and the Environment: Classical Foundations, Contemporary Insights*. Lanham: Rowman & Littlefield Publishers.

Dunlap, R. E. og R. E. Jones 2002: Environmental Concern: Conceptual and Measurement Issues. Í: Dunlap, R. E. og W. Michelson (ritstj.), *Handbook of Environmental Sociology*. Westport: Greenwood Press. Bls. 482-524.

Dunlap, R. E. og R. E. Jones 2003: Environmental attitudes and values. Í: Fernández-Ballesteros, R. (ritstj.), *Encyclopedia of Psychological Assessment, Vol. 1*. London: Sage Publications. Bls. 364-369.

Freeden, M. 1996: *Ideologies and Political Theory: A Conceptual Approach*. Oxford: Clarendon Press.

Friðrik H. Jónsson og Stefán Ólafsson 1991: *Lífskæðun í nútímalegum þjóðfélögum*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun H.Í.

Hagtíðindi 88 árg. nr. 10, október 2003.

Halman, L. 2001: *The European Values Study: A Third Wave. Source book of the 1999/2000 European Values Study Surveys*. Tilburg: Tilburg University Press.

- Hofrichter, J. og K. Reif 1990: Evolution of Environmental Attitudes in the European Community. *Scandinavian Political Studies*, 13(2): 119–146.
- IMG-Gallup, Þjóðarpúls september 2000: *Mikill stuðningur við hvalveiðar*. <http://www.gallup.is/index.jsp> (skoðað 1. mars 2004).
- Inglehart, R. 1995: Public support for Environmental Protection: Objective Problems and Subjective Values in 43 Societies. *PS: Political Science & Politics*, 28 (1): 57–72.
- Landsvirkjun 2001: *Umhverfisvitund. Viðhorfsrannsókn*. http://www.lv.is/files/2003_5_21_vidhorfsk_umhv_ytra%20net.pdf (skoðað 1. mars 2004).
- Landvernd 2003: *Viðhorf til umhverfis- og náttúrverndarsamtaka* Reykjavík: IMG-Gallup.
- Mertig, A. G. og R. E. Dunlap 2001: Environmentalism, New Social Movements, and the New Class: A Cross-National Investigation. *Rural Sociology*, 66(1): 113–136.
- Minteer, B. A. og B. P. Taylor (ritstj.) 2002: *Democracy and the Claims of Nature. Critical Perspectives for a New Century*. Lanham: Rowman & Littlefield Publishers.
- Morgunblaðið*, 15. febrúar 2000: Ríflega 45 þúsund undirskriftir söfnuðust.
- Norræna félagið 1990: *Viðhorf Íslendinga til umhverfismála. Unnið fyrir Norræna félagið*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun H.Í.
- OECD 2001: *Environmental Performance Reviews: Iceland*. Paris: OECD. Sjá einnig: <http://umhverfisraduneyti.is/utgefid-efni/nr/143> - skoðað 1. mars 2004.
- Radcliffe, J. 2000: *Green Politics: Dictatorship or Democracy?* New York: St. Martin's Press.
- Reykjavíkurborg 1999: *Viðhorf Reykavíkinga til umhverfismála. Könnun unnin fyrir Borgarverkfræðing Reykjavíkur*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun H.Í.
- Rootes, C.A. 1997: Environmental movements and green parties in western and eastern Europe. Í: Redclift, M og G. Woodgate (ritstj.), *The International Handbook of Environmental Sociology*. Edward Elgar. Bls. 319–348.
- Umhverfisráðuneytið 1993: *Umhverfið. Sérrit*. Reykjavík: Umhverfisráðuneytið.
- Umhverfisráðuneytið 2002: *Athugun á vitund fólks um sjálfbæra þróun*. Reykjavík: IMG-Gallup.
- Zelezny, L. C. og P. W. Schultz 2000: Promoting Environmentalism. *Journal of Social Issues*, 56(3): 365–371.
- Þorvarður Árnason 2002: Náttúran sem siðfræðilegt viðfangsefni. *Landabréfið*, 18-19(1): 58–65.